

VI. Þá verður og að útvega þær aðrar skýrslur, sem prófin um ofangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega framanevndar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 5/1917.

Réttvísín

gegn

Páli Benediktssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur fyrir rétti um ýms atriði þess. Það verður að útvega:

- I. Skýrslu kærands Jóhanns Jósefssonar um öll aðalatriði kæru hans, þar á meðal um kind þá, er hann tapaði frá Sviðningi og ekki hefir komið fram, svo og aðrar skýrslur er fáanlegar kunna að vera, um hvarf kindar þessarar og hvort ákærði sé við það riðinn.
- II. Ítarlega skýrslu ákærða um það, hvort hann hafi tekið kind Jóhanns Jósefssonar, þá er hann kastaði eign sinni á, úr fjárrekstrinum,

- er hann kom að Nýjabæ og hleypt henni saman við fé sitt, eða mist hana úr fjárrekstrinum á leiðinni að Sviðningi, eða hvort kindin hafi enn verið í rekstrinum, þegar þangað kom og verið skilað þar, svo og skýrslu annara heimilismanna á Nýjabæ, er um þetta kunna að vita.
- III. Skýrslu Eiríks Eiríkssonar á Sviðningi um það hvort kind þessi hafi verið í rekstrinum, þegar ákærði kom með hann þangað.
- IV. Nánari skýrslu ákærða og heimilisfólks hans um töku hans á lambi Carls Berndsens.
- V. Skýrslu Berndsens hér að lútandi og annara, er um það geta borið, sérstaklega Björns hreppsnefndaroddvita Árnasonar, sbr. vottorð hans, dags. 14. jan. 1916.
- VI. Skýrslu ákærða um æfiferil hans, uppeldi, uppræðslu og dvalarstaði og um það hvort hann hafi áður sætt ákæru eða hegningu.
- VII. Svo ber og að útvega aðrar þær skýrslur, er prófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

#### Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.